

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Urriðaá, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Urriðaá. Tillagan er sett fram í greinargerð og í uppdrætti dags. 28. febrúar 2019. Breytingin varðar deiliskipulagsuppdrátt. Engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulags. Breyting á deiliskipulagi Urriðaár, frístundabyggðar, tekur til færslu á lóðamörkum Brókarstígs 11 og 13, ásamt byggingarreitum þeirra. Lóðamörk eru hliðruð 20 m frá hnitapunkti 38 til norðausturs. Fyrirhuguð breyting er í samræmi við aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022. Ástæða fyrir færslu lóðamarka er að fyrirhuguð staðsetning byggingar á Brókarstíg 11 var ekki innan byggingarreits. Engar athugasemdir voru gerðar við grenndarkynningu. Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Litla-Brekka, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Litlu-Brekku. Í breytingartillögu er lóð nr. 2 stækkuð og færð litlilega til. Fyrirhuguð breyting er í samræmi við aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022. Umhverfis- og skipulagssvið hefur kynnt nágrönnum og hagsmunaaðilum fyrirhugaða framkvæmd. Engar athugasemdir voru gerðar við grenndarkynningu. Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 18. september 2019.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. október 2019